

Fundargerð 85. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 7. nóvember 2022, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Sameining sýslumannsembætta.**
2. **Staðarvalsgreining.**
3. **Byggðaaætlun - brothættar byggðir.**
4. **Önnur mál**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (HVIN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF, fór 14:08), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Hafþór Einarsson (MRN, mætti 13:10), Sigrún Ólafsdóttir (FOR), Berglind Kristinsdóttir (landshlutasamtökunum) Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN, mætti 13:15), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN, mætti 13:20) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun, mætti 13:20).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Bryndís Eiríksdóttir (MAR) og Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN).

Auk áður talinna sat Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR) hluta fundar og Þorkell Stefánsson var í fjarfundi hluta fundar.

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Sameining sýslumannsembætta.** Guðmundur Bjarni Ragnarsson frá DMR kynnti frumvarp til laga um sýslumann, sem fjallar um sameiningu embætta og hefur að hluta tengingu við aðgerð byggðaaætlunar *A.8 Stjórnarsýslustöðvar ríkis í héraði*. Nokkrar umræður urðu um frumvarpið sem bíður þess að vera rætt í ríkisstjórn.
2. **Staðarvalsgreining.** Þorkell Stefánsson frá Byggðastofnun kynnti staðarvalsgreiningu sem unnin var að beiðni DMR í tengslum við fyrirhugaða sameiningu sýslumannsembætta. Einnig gerði hann grein fyrir þeim gögnum sem að baki staðarvalsgreiningunni lágu. Umræður snerust m.a. um hvernig nýta megi þessa vinnuaðferð í fleiri verkefni. Bent var líka á mælaborð Byggðastofnunar, en þar kemur líka fram hvaða upplýsingar eru til staðar hjá stofnuninni.
3. **Byggðaaætlun – brothættar byggðir.** Dalabyggð og Stöðvarfjörður eru nýjustu byggðalögin sem taka þátt í verkefninu Brothættar byggðir, aðgerð B.2 á byggðaaætlun. Verkefnin ganga undir heitinu DalaAuður og Sterkur Stöðvarfjörður. Fyrir fundinn höfðu fundarmenn fengið sendar verkefnisáætlanir þeirra sem voru kynntar og ræddar. Einnig hafði hópurinn fengið senda ársskýrslu Brothættra byggða fyrir árið 2021. Greint var frá því að óskað hefur verið eftir að verkefnisstjórar Byggðastofnunar muni kynna Brothættar byggðir fyrir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu innan tíðar.
4. **Önnur mál.**
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:26